



Fundargerð

Tilv. 1501028/1.7

Fundur: Grisjunarráð 9/2015.
Dagsetning og tími: 11. nóvember 2015, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri vörslusviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Hrefna Róbertsdóttir, sviðsstjóri vörslusviðs

Þjóðskjalavörður setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerðir fyrri funda
2. Grisjunarbeiðni Háskólans á Bifröst – dags 1.9.2015 – próf og prófúrlausnir
3. Önnur mál

1. Fundargerðir.

Fundargerðir síðustu tveggja funda voru undirritaðar.

2. Háskólinn á Bifröst: Grisjunarbeiðni dags 1.9.2015 – próf og prófúrlausnir.

Beiðni um grisjun Háskólans á Bifröst er tvíþætt, hluti hennar er samþykktur og hluta hennar er hafnað.

- a. Frumrit, eða afrit sé frumrit ekki fyrir hendi, af prófum og prófverkefnum frá öllum árum ber að varðveita í skjalasafni Háskólans á Bifröst. Þeim er ekki heimilt að eyða.
- b. Heimilt er að grisja prófúrlausnir nemenda frá Háskólanum á Bifröst tveimur árum eftir að skólaári lýkur. Varðveita skal þó sem sýnishorn allar prófúrlausnir frá tíunda hverju skólaári eða nánar tiltekið frá þeim árum sem enda á 0. Samkvæmt því ætti að varðveita prófúrlausnir frá 1990, 2000 og 2010 og svo framvegis. Af umsókn skólans má hins vegar ætla að úrlausnum frá 2000 og 2010 hafi þegar verið eytt. Sé það reyndin skal varðveita allar úrlausnir frá nálægum árum, þ.e.a.s. 1999 og 2009. Næst ber að varðveita allar prófúrlausnir frá árinu 2020 og svo koll af kolli þar til annað verður ákveðið.



3. Önnur mál.

- a. Fundargerðir grisjunarráðs. Farið er að birta fundargerðir á vef Þjóðskjalasafns og þær verða hér eftir birtar jafnharðan og þær eru samþykktar og frágengnar.
- b. Svanhildur Bogadóttir kynnti að henni hefði borist fyrirspurn um hvort til standi að setja upp gagnagrunn með afgreiðslum grisjunarmála. Þjóðskjalavörður upplýsti að það væri ætlunin.

Fundi slitið 13:40

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Hrefna Róbertsdóttir (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)